



Fjölbrautaskóli Suðurlands

NJÁLA
ÍSLE3NJ05

Kennsluáætlun – haustönn 2018

Kennari áfangans: Guðbjörg Grímsdóttir (GGR)

Áfangalýsing:

Valdir hlutar úr Brennu-Njáls sögu eru lesnir og ígrundaðir. Unnið með söguna, textann og sögupersónur út frá sögutíma, ritunartíma og okkar samtíma. Sagan verður sömuleiðis skoðuð með hinum töfrandi verkfærum bókmenntafræðinnar, hugað að mál og stíl, íroníu, sögumanni, sjónarhorni og tíma sögunnar svo fátt eitt sé nefnt. Nemendur lesi söguna sér til ánægju og fróðleiks. Markmiðið er að lesturinn dýpki skilning nemenda á sögunni og einnig á manneskjunni sem slíkri, lífsbaráttu hennar, löngunum og þrám.

Forkröfur: 10 einingar á 2.þrepi í íslensku.

Markmið áfangans:

Þekking

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Orðaforða sem nægir til að lesa íslenskar fornbókmenntir með nútímastafsetningu
- Helstu bókmenntahugtökum
- Ritgerðasmíð og heimildavinnu

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja og nota stílbrögð, orðatiltæki og vísanir úr Njálu
- Draga saman og nýta á gagnrýninn hátt upplýsingar úr hvers kyns verkum og heimildum sem tengjast Njálu og meta vægi þeirra
- lesa forntexta
- Ritun heimildaritgerðar þar sem hann beitir gagnrýnni hugsun við úrvinnslu og kemur efninu á framfæri á skýran og greinargóðan hátt á blæbrigðaríku máli.

Hæfni

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- lesa fornbókmenntir sér til ánægju og fróðleiks
- skrifa skýran og vel uppbyggðan texta með ritstíl sem vísar í forna málið.
- Tjá rökstudda afstöðu við ýmsar kringumstæður, skýra sjónarmið sín og taka virkan þátt í málefnalegum umræðum til að komast að ígrundaðri niðurstöðu.
- Draga saman aðalatriði, beita gagnrýnni hugsun við lestur, túlkun og úrvinnslu fornbókmennta sem og annarra texta.
- Ná duldum boðskap og hugmyndum, geta lesið á milli lína
- Sýna þroskaða siðferðisvitund, víðsýni, sköpunarhæfni og samlíðan í umfjöllun sinni, málflutningi og túlkun.

Kennslubækur og kennslugögn

- Brennu-Njáls saga. Jón Böðvarsson bjó til prentunar. Iðnú.
- Ljósritað efni frá kennara.

Vægi námsþátta í lokaeinkunn:

20% Verkefnavinna.	10% Þema 1
20% Vangaveltubók.	10% Þema 2
20% Lokaverkefni	
20% Munnlegt próf	

Kröfur og verkefnaskil

- Ætlast er til að nemendur búi sig mjög vel undir kennslustundir með lestri og þeim verkefnum sem lögð eru fyrir. Um helmingur námsins fer fram í tímum en hinn hlutinn með heimanámi, undirbúningi jafnt sem verkefnavinnu. Nauðsynlegt er að mæta í alla tíma þar sem innlögn fer eingöngu fram þar. Mæti nemandi ekki í tíma af einhverjum ástæðum eykst heimanámi nemenda.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám, próf og verkefnaskil.
- Nemendum ber að virða höfundarrétt. Ritstuldur varðar við lög og er öllum slíkum málum vísað til skólastjórnenda.

Gert með fyrirvara um breytingar, FSu., 20. ágúst 2018
Íslenskukennari

NJÁLA – VINNUÁÆTLUN HAUSTÖNN 2018

	Verkefnavinna
20.-24.ág.	Kynning áfanga. Nemendur fá leslista og kennsluáætlun. Umræður um námsmat. Lestur fer af stað.
27.-31.ág	Njála, allir lesa samkvæmt leslista. Verkefnavinna (20%) Kaflar 9 – 17. Sagt frá fyrstu tveimur hjónaböndum Hallgerðar. Kaflar 26 – 32. Sagt frá utanferð Gunnars. Kaflar 33 – 34. Sagt frá hjónabandi Gunnars og Hallgerðar. Kennari segir frá húskarlavígum og Otkels þætti.
3.-7. sept	Kaflar 54 – 59. Fyrsta vígaferlið og hestaat. Kaflar 60 – 66. Annað vígaferlið, fyrirsátin við Knafahóla. Kaflar 67 – 81. Þriðja vígaferlið. Dauði Gunnars.
10.-14. sept	Kaflar 82 – 89. Þráinn og Njálssynir. Kaflar 90 – 94. Taðskegglingar. Kaflar 95 – 97. Flosi og bræður hans kynntir til sögunnar. Kaflar 107 – 112. Víg Höskuldar. Kaflar 124 – 132. Hefnd Flosa og Njálsbrenna. Kennari segir frá þætti Njálssona eftir víg Höskuldar.
17.-21.sept.	Stuttmynd.
24.-28.sept.	Þema 1 (10%) Konur, siðferði, minnihlutahópar, átök, útlitsdýrkun, húmor ... TV þættir, kvikmyndir, sögur, ljóð, netmiðlar ...
1.-5.okt.	Þemavinnu 1 skilað í lok vikunnar.
8.-12.okt.	Þema 2 (10%) Samfélagsgerð, siðir, venjur, samskipti Val um form af skilum.
15.-19.okt. haustfrí 18.-19.	Þemavinnu 2 skilað í lok vikunnar.
22.-26.okt.	Vangaveltubók fullunnin og skilað. Undirbúningur lokaverkefnis hefst (lokaverk. 20%).
29.okt.-2.nóv	Lokaverkefni.
5.-9.nóv.	Lokaverkefni.
12.-16.nóv.	Kynning á lokaverkefnum.
19.-23.nóv.	Munnlegt próf (20%).
26.-30.nóv.	Munnlegt próf (20%).
3.-7.des.	Uppgjör áfangans.

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar